

**Grasagarðurinn er lifandi safn undir berum himni.** Í honum eru átta safndeildir með um 5000 plöntum. Heildarfjöldi tegunda, undirtegunda, afbrigða og yrkja í garðinum er rúmlega 3500. Plöntusafn garðsins sýnir fjölbreytni þess gróðurs sem vex í norðlæga tempraða beltinu.

### 1 Flóra Íslands

Í safndeildinni er að finna um 300 af þeim u.þ.b. 485 tegundum blómplantna og byrkninga sem teljast til íslensku flórunnar. Reynt er af fremsta megni að líkja eftir náttúrulegum vaxtarsvæðum plantanna, svo sem votlendi og hverasvæðum.

### 2 Fjölærar jurtir

Fjölæringunum er raðað í bæð eftir flokkun þeirra í plöntuættkvísir og ættir. Í safndeildinni er að finna bæði tegundir af villtum uppruna, afbrigði þeirra sem og ræktað yrki.

### 3 Rósir

Í safndeildinni eru sýnishorn af algengum rósategundum og mörgum þeirra rósayrkja sem eru í ræktun utandyra á Íslandi.

### 4 Lyngrósir

Safn sígrænna lyngrósarunna. Elsta lyngrósin, skógalyngrós, er frá árinu 1977, blómgast í maí og blómstrar stórum, bleikum, klukkulaga blómum. Einnig eru í safndeildinni ýmsar skógarbotnstegundir sem þrífast í súrum jarðvegi.

### 5 Skógarbotnspöntur

Skógarbotnspöntur safndeildarinnar eiga uppruna sinn á skógarsvæðum tempraða beltisins nyrðra og blómstra margar áður en tré laufgast. Þær þrífast best í skugga og í jarðvegi sem er ríkur af lifrænum plöntuleifum.

### 6 Trjásafn

Trjásafnið er stærsta safndeild Grasagarðsins og í henni eru fjöldi tegunda trjáa og runna prófaðar utandyra með tilliti til þrifa og harðgeris.

### 7 Steinhæð


Í steinhæðinni eru erlendar fjölærar háfjallajurtir og smárunnar. Plöntunum er raðað saman eftir upprunalegum heimkynnum þeirra. Þar má finna plöntur frá fjallasvæðum Evrópu, Norður- og Suður-Ameríku, Asíu og Eyjaálfu.

### 8 Nýttjurtagarður

Í safndeildinni eru ræktaðar matjurtir, krydd og lækningajurtir. Þar má finna allar helstu tegundir þeirra nýttjurtu sem eru ræktaðar í heimilisgröðum á Íslandi.

# VELKOMIN Í GRASAGARÐ REYKJAVÍKUR

## Lifandi safn undir berum himni



Skautahöll

P

Húsdýragarður